

## Akureyrarbær - skipulagsdeild

Geislagötu 9  
600 Akureyri

19. september 2018

### Efni: Umsögn um tillögu að deiliskipulagsbreytingu – framhjállaup á Þórunnarstræti

Norðurorka hf. þakkar fyrir tækifærið til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu og vill koma eftirfarandi á framfæri:

#### Hitaveita:

Á umræddu svæði eru bæði hitaveitulögn sem liggur yfir Þórunnarstrætið sem og retúrlögn sem liggur samsíða Þórunnarstrætinu neðstu 50 metrana. Þessar lagnir gætu verið frekar grunnt vegna klappar sem þarna er sunnan við. Retúrlögnin lendir í afreininni og því þarf mögulega að færa hana úr vegstæðinu ef grunnt er á hana.

#### Vatnsveita:

Það er engin vatnsveitulögn sunnanmegin í Þórunnarstrætinu.

#### Fráveita:

Það þarf að lækka brunninn sem verður í framhjállaupinu í sama kvóta og gatan og ef þörf er á jarðvegsskiptum þarf að fara í varlega í kringum fráveitulögnina sem er í notkun.

#### Rafveita:

Breyting hefur ekki áhrif á raflagnir í eigu Norðurorku. Rétt er þó að vekja athygli á því að á svæðinu eru raflagnir/búnaður sem eru í eigu annara aðila, s.s. búnaður vegna gatnalýsingar og umferðarljósa. Sérstaklega gatnalýsing við verðandi frárein suður Glérargötu og neðst í Þórunnarstræti.

Á næstu síðu má sjá mynd af umræddu svæði þar sem fram koma veitulagnir á svæðinu.

**Norðurorka veitir frekari upplýsingar sé eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu en þar er hægt að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.**  
[www.map.is/no](http://www.map.is/no)

Bestu kveðjur,

*Gunnur Ýr Stefánsdóttir*  
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra

